

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1747****2016/EES/18/15****frá 30. september 2015****um leiðréttingu á viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 26/2011 frá 14. janúar 2011 um leyfi fyrir E-vítamíni sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) E-vítamín var endurmetið og leyft með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 26/2011 ⁽³⁾ til 4. febrúar 2021 sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir.
- 3) Þó að í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 26/2011 sé vísað í blöndur með E-vítamíni sem leyfðar eru sem fæðuaukefni, með fyrirvara um skilyrði sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þá reglugerð, er engin vísun í blöndur í þeim viðauka. Vegna þessa ósamræmis telja eftirlitsyfirvöld nokkurra aðildarríkja að blöndur, sem innihalda E-vítamín, séu ekki leyfðar.
- 4) Svo unnt sé að túlka reglugerð (ESB) nr. 26/2011 á réttan hátt er nauðsynlegt að bæta í viðaukann við þá reglugerð vísun, þar sem skýrð er notkun blandna sem innihalda E-vítamín ásamt setningu þeirra á markað, enda var það ætlunin þegar reglugerðin var samþykkt.
- 5) Þar að auki sýnir reynsla af opinberu eftirliti með merkingu E-vítamíns að skýringa sé þörf að því er varðar sérheiti aukefnisins.
- 6) Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) nr. 26/2011 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 26/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í dálkinum undir fyrirsögninni „Aukefni“ kemur:

— „E-vítamín“ eða „alhandhverfufjafnt- α -tókóferýlasetat“ í stað „E-vítamín/handhverfufjafnt- α -tókóferýlasetat“,— „E-vítamín“ eða „RRR- α -tókóferýlasetat“ í stað „E-vítamín/RRR- α -tókóferýlasetat“,— „E-vítamín“ eða „RRR- α -tókóferól“ í stað „E-vítamín/RRR- α -tókóferól“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 1.10.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í föðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 26/2011 frá 14. janúar 2011 um leyfi fyrir E-vítamíni sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 18)

2) Í dálkinum undir fyrirsögninni „Önnur ákvæði“ bætist eftirfarandi liður við:

„3. Setja má E-vítamín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
